

Ed.

274. Frumvarp til laga

[170. mál]

um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi með bifreiðum, enda annist vöruflytjandi að jafnaði flutning fyrir fleiri en einn aðila í sömu ferð og gegn gjaldi.

2. gr.

Lög þessi gilda einnig um vöruflutninga með vögnum, sem tengdir eru eða festir við bifreið, en ganga ekki fyrir eigin vélarafli.

3. gr.

Sé ökutæki samkvæmt 1. og 2. gr. flutt hluta leiðar á skipi án þess það sé jafnframt losað, gilda þessi lög engu að síður.

Purfi að skipta um ökutæki á leiðinni, eða áður en varan er komin á endanlegan ákvörðunarstað, telst samt vera um einn flutning að ræða.

4. gr.

Flutningur samkvæmt lögum þessum er talinn hefjast, er flytjandi tekur við vöru til flutnings og lýkur við afhendingu hennar til móttakanda.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um réttaráhrif aðgerða eða aðgerðaleyfis sendanda, flytjanda eða móttakanda taka einnig til þess háttar athæfis umboðsmanna þeirra eða starfsmanna, sem viðkomandi aðilar ábyrgjast.

II. KAFLI

Flutningssamningar.

6. gr.

Fyrir sérhverja vörusendingu skal sendandi, sé ei um annað samið, útfylla fylgibréf á þar til gerð eyðublöð, sem flytjandi útvegar. Í því skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og heimilisfang sendanda.
2. Nafn og heimilisfang móttakanda.
3. Dagsetning á móttöku flytjanda á vörunni.

4. Fjöldi pakka, tilgreining vöru, pökkun, mál og vigt.
5. Merking vöru.
6. Greiðsluskilmálar.
7. Kröfuupphæðir, sem innheimta á hjá móttakanda sé um slíkt að ræða.
8. Tilgreining á verðmæti vörunnar, ef sérstakar ástæður eru til.
9. Sérstök tilgreining, ef geyma á vöruna við ákveðið hitastig.

Í fylgibréfi skal flytjandi tilgreina:

1. Flutningsgjald.
2. Tryggingariðgjald, ef við á.

Hlutaðeigendur geta bætt í fylgibréfið öðrum upplýsingum, sem þeir telja nauðsynlegar. Flytjandi staðfestir móttöku vörunnar með undirskrift sinni á fylgibréfið.

Sendanda ber að merkja vöruna greinilega með nafni, heimilisfangi og síma móttakanda, svo og með öðrum nauðsynlegum upplýsingum.

7. gr.

Nú er fylgibréf eigi gefið út eða er ekki þess efnis, sem áskilið er, eða það hefur glatast og gilda þá ákvæði laga þessara engu að síður.

8. gr.

Ef ákveðin bifreið er tilgreind í fylgibréfi, er flytjanda óheimilt að flytja vöruna með annarri bifreið, nema um það sé samið sérstaklega.

9. gr.

Við móttöku vöru skal flytjandi kanna, hvort upplýsingar í fylgibréfi séu réttar.

Flytjandi getur gert fyrirvara um tilgreiningu sendanda í fylgibréfi, enda sé slíkur fyrirvari rökstuddur.

10. gr.

Sé hættuleg vara afhent til flutnings, skal sendandi gefa nákvæmar upplýsingar um, í hverju hættan sé fólgin, og ef nauðsynlegt er, hvaða varúðarráðstafanir verði að viðhafa.

11. gr.

Sendandi hefur umráðarétt yfir vörunni meðan á flutningi stendur. Hann getur því óskað eftir stöðvun flutnings, breytingu á ákvörðunarstað eða móttakanda, enda ber honum að greiða kostnað sem slíkar breytingar hafa í för með sér.

12. gr.

Pegar vara er komin á ákvörðunarstað, getur móttakandi krafist afhendingar vörunnar gegn kvittun.

Móttakandi, sem vill nýta þennan rétt sinn, er skyldur að greiða þá upphæð, sem í skuld stendur samkvæmt fylgibréfi og framvísa frumriti sé þess krafist af sendanda.

Verði ágreiningur um upphæðina, er flytjanda ekki skylt að afhenda vöruna nema gegn tryggingu.

13. gr.

Komi í ljós áður en varan er komin til ákvörðunarstaðar, að flytjandi geti ekki fullnægt skilmálum fylgibréfs skal hann leita fyrirmæla sendanda. Sé unnt að framkvæma flutninginn á annan hátt en ákveðinn er í flutningssamningi og hafi flytjandi ekki innan eðlilegs tíma fengið fyrirmæli frá sendanda, skal hann gera þær ráðstafanir, sem ætla verður, að séu sendanda hagstæðastar, þar á meðal selja vöruna, ef eigi er annars kostur.

14. gr.

Séu vandkvæði á afhendingu vöru eftir að hún er komin á ákvörðunarstað, skal flytjandi leita fyrir mæla sendanda á sama hátt og mælt er fyrir um í 13. gr.

15. gr.

Hafi ekki verið samið um fjárhæð flutningsgjalds, skal greiða það gjald, sem almennt var notað, þegar flytjandi tók við vörunni.

Hafi verið flutt meira vörumagn en fylgibréf getur um, skal greiða flutningsgjald fyrir það, sem umfram er.

III. KAFLI

Ábyrgð flytjanda.

16. gr.

Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni, sem verður á vörunni meðan á flutningi stendur, svo og hvarfi hennar á sama tímabili, og er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Á sama hátt ber flytjandi ábyrgð á tjóni af völdum óeðlilegs dráttar á að flytja móttekna vöru til ákvörðunarstaðar.

17. gr.

Flytjandi er undanþeginn ábyrgð á tjóni, sem orsakast af eftirgreindum ástæðum:

- a) Vanrækslu eða mistökum sendanda eða móttakanda eða umboðsmanna þeirra.
- b) Skemmdum vegna ófullnægjandi ytri eða innri umbúða, eða vegna sérstakra eiginleika vörunnar, sem flytjanda var ekki kunnugt um eða gat ekki varast.
- c) Hvarfi, rýrnun eða skemmdum á vörunni sem rekja má til lestunar, röðunar eða losunar, sem sendandi eða móttakandi hafa annast að öllu leyti eða að hluta.
- d) Röngum eða ófullnægjandi upplýsingum um vöruna í fylgibréfi.
- e) Alvarlegum, ófyrirsjáanlegum atburðum (force majeure), svo sem ófriði, geislavirkni, uppþotum, verkföllum, verkböllum, náttúruhamförum o. þ. h.

18. gr.

Skaðabætur fyrir skemmda eða glataða vöru skulu ákvarðast af því verðgildi, sem varan hefði haft ósködduð við afhendingu til flytjanda. Að auki skal flutningskostnaður bættur, svo og annar kostnaður vegna flutnings á vörunni, sem tapast hefur.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. verður flytjanda aldrei gert að greiða hærri skaðabætur en sem nemur kr. 150.00 fyrir hvert brúttókílógramm í vörusendingu, nema tjónið megi rekja til ásetnings eða stórfellds gáleysis flytjanda eða manna, sem hann ábyrgist. Hámarksupphæð þessi skal breytast í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu frá því sem hún er, þegar lög þessi taka gildi.

20. gr.

Hafi sendandi gefið upp í fylgibréfi herra verðmæti vöru en kveðið er á um í 19. gr., og greitt flutningsgjald í samræmi við það, gildir það verðmæti við ákvörðun skaðabóta.

IV. KAFLI

Ábyrgð sendanda.

21. gr.

Sendandi ber ábyrgð á, að þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í fylgibréfi og merkingu vöru, séu réttar. Hann er ábyrgur fyrir kostnaði eða tjóni sem hlýst af því, að upplýsingarnar eru rangar, ónákvæmar, ógreinilegar eða að öðru leyti ófullkomnar.

22. gr.

Sendandi er ábyrgur gagnvart flytjanda vegna tjóns sem vörusending hans veldur á mönnum, efni eða annarri vöru vegna þess að umbúðir eru lélegar eða ófullnægjandi. Þetta gildir þó ekki, ef framangreint ástand umbúðanna er sýnilegt eða flytjanda kunnugt um það, og hann tekur við vörunni án fyrirvara um ástand umbúða.

23. gr.

Sendandi skal sjá um, að vara sem hefur í för með sér bruna- eða sprengihættu, svo og sýrur eða önnur fljótandi efni, sem skemmt geta út frá sér, skuli vera í fullnægjandi umbúðum. Jafnframt skal varan merkt þannig, að varast megi hættuna.

24. gr.

Nú hefur vara, sem um getur í 23. gr., verið afhent til flutnings án þess að flytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika hennar, og er honum þá heimilt að skilja vöruna eftir, þar sem hann er staddur, og gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana með þeim hætti að ekki valdi öðrum tjóni, enda er hann þá ekki skaðabótaskyldur. Þess skal ávallt gætt í slíkum tilvikum, að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða.

V. KAFLI

Ábyrgð móttakanda.

25. gr.

Móttakandi skal sækja vöru, eins fljótt og verða má, eftir að honum er kunnugt um, að varan sé tilbúin til afhendingar á ákvörðunarstað. Með móttöku vöru skuldbindur móttakandi sig til að greiða flutningsgjald og aðrar kröfur, sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi.

26. gr.

Flytjandi hefur handveð í vörunni, þar til flutningsgjald, kröfur og annar kostnaður, sem af flutningi stafar, hefur verið greiddur.

27. gr.

Taki móttakandi við vöru, sem hætt er við skemmdum, án þess að gera fyrirvara, skal talið, að varan hafi verið óskemmd og í samræmi við flutningssamninginn, þar til annað sannast.

28. gr.

Vilji móttakandi krefjast bóta fyrir hvarf eða skemmdir á vöru ber honum að tilkynna flytjanda það án tafar. Tilkynningin skal skráð í fylgibréfi eða send bréflega.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Kröfur, sem rísa kunna á grundvelli þessara laga, fýrnast á einu ári frá því móttakandi kvittar fyrir móttöku vörunnar, eða á einu ári og tveimur mánuðum frá því að vara var afhent til flutnings, sé ekki um kvittun móttakanda að ræða.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 18. mars 1980 skipaði samgönguráðherra þriggja manna nefnd „til að semja reglur um vöruflutninga á landi og tillögur að frumvarpi til laga um það efni, ef nefndin kemst að raun um, að slík lagasetning sé nauðsynleg“.

Í nefndina voru skipaðir Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri, sem jafnframt var skipaður formaður, Jónas Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. stórkaupmanna, og Stefán Pálsson, hrl., framkvæmdastjóri Landvara.

Frv. er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar, ef frá eru taldar nokkrar minni háttar lagfæringar, en því fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Tilrögin að starfi nefndarinnar voru þau, að hér á landi finnast engin lög eða reglugerðir um flutningssamninga og ábyrgð viðkomandi aðila við vöruflutninga á landi og tæpast hefur nokkur sú venja skapast í þessum málum, að til lagaígildis teljist. Sú óvissa, sem þannig hefur ríkt um þessi mál, hefur oft á tíðum valdið deilum, svo að þeir aðilar, sem þessa þjónustu veita og nota, óskuðu eftir, að settar yrðu fastmótaðar reglur í þessu efni.

Fljótlega kom í ljós í starfi nefndarinnar, að slíkar reglur yrðu ekki settar nema í lagaformi. Tillögur þær að frumvarpi, sem hér liggja fyrir, eru samdar á grundvelli tillagna frá Landvara og Fél. ísl. stórkaupmanna, sem aftur eru byggðar á reglum um flutningssamninga og flutningsábyrgð annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt hefur verið höfð til hliðsjónar norsk og dönsk löggjöf, sem jöfnum höndum fjallar um landflutninga innanlands og milli landa. Loks hefur nefndin í tillögum sínum leitast við að fella þær að sérstökum aðstæðum hér á landi, þar sem þess er þörf.

Á það skal bent, að tillögurnar eru eingöngu miðaðar við flutninga innanlands, en að svo komnu máli a. m. k. eru ekki horfur á, að vörur verði fermdar hér til útflutnings á bifreiðar, sem síðan yrðu fluttar sjóleiðis til annarra landa. Um vöruflutninga á bifreiðum milli landa er í gildi sérstakur milliríkjasamningur frá árinu 1956 (Convention on the Contract for the International Carriage of Goods by Road (CMR)), en Ísland er ekki aðili að honum.

Tillögum þeim sem liggja fyrir er skipt í eftirfarandi kafla:

- I. Gildissvið
- II. Flutningssamningur
- III. Ábyrgð flytjanda
- IV. Ábyrgð sendanda
- V. Ábyrgð móttakanda
- VI. Ýmis ákvæði

Kaflaskiptin sýna í stuttu máli um hvaða atriði tillögurnar fjalla, en kaflinn um flutningssamningana er þeirra lengstur og ýtarlegastur.

Telur nefndin að með þeim tillögum sem hún leggur hér fram, ættu þau deilumál ekki að þurfa að koma upp meðal aðila, sem ekki mætti leysa með stoð í þessum tillögum ef að lögum verða, eða öðrum gildandi lögum.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögunum er ætlað að gilda um vöruflutninga á landi með bifreiðum, fyrst og fremst um þá skipulagsbundnu vöruflutninga, sem fram fara á milli landshluta eða byggðarlaga. Þeim er ekki ætlað að gilda um vörusendingar, sem hafa upphafs- og ákvörðunarstað innan sama bæjarfélags eða kaupstaðar.

Einkenni þessara flutninga eru þau, að flytjandi eða vöruafgreiðsla hans tekur á móti mismunandi stórum vörusendingum til flutnings frá mörgum aðilum og er mjög mismunandi hvað flutt er í sömu ferð fyrir marga aðila.

Tekið er fram, að lögin nái einungis til þeirra flutninga, sem eru gegn gjaldi, því að ástæðulaust þykir að setja lög um þau tilvik, er menn af greiðasemi taka vörur til flutnings án endurgjalds.

Um 2.—3. gr.

Lögin fjalla um réttarsamband sendanda, flytjanda og móttakanda á meðan varan er í umsjá flytjanda og eru greinar þessar settar til þess að taka af öll tvímæli um það, að ekki skipti máli hvers konar bifreið eða tæki tengd við bifreið flytjandinn notar. Í 2. grein núgildandi umferðarlaga nr. 40/1968 með áorðnum breytingum eru skilgreiningar á merkingu orðanna ökutæki, vélknúið ökutæki, bifreið, tengivagn, festivagn og tengitæki, og vísast til þeirra ákvæða um nánari skilgreiningu.

Um 4.—5. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um þá meginreglu, að sendandi útfylli fylgibréf með vörusendingu á þar til gerð eyðublöð. Tekið er fram að flytjanda beri að útvega slík eyðublöð, en ekki er talin ástæða til þess að fjalla um það í lagagreininni, hvort flytjandi áskilur sér sérstakt endurgjald fyrir hvert eyðublað eða hvort flytjandi lætur kostnaðinn við gerð eyðublaðanna falla undir heildarflutningskostnaðinn.

Upplýsingar þær, sem upp eru taldar í greininni og skrá skal í fylgibréf eru í samræmi við það sem nú tíðkast í nágrannalöndum okkar og notað hefur verið að hluta hér.

Um 7.—8. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Grein þessi fjallar um rannsóknarskyldu flytjanda, er hann tekur við vöru. Flytjanda ber að kanna, hvort merking vörunnar, fjöldi eininga og þess háttar sé í samræmi við upplýsingar í fylgibréfi. Sömu leiðis ber flytjanda að athuga ástand umbúða og gera athugasemdir við þær, ef hann telur tilefni til. Ekki er ætlast til þess að flytjandi rannsaki innihald vörusendingar, heldur einungis að hann beri sjáanlegt ástand sendingarinnar og merkingar saman við fylgibréf og upplýsingar í því. Telji flytjandi ástæðu til þess að gera athugasemdir, þá ber honum að skrá fyrirvara þar um í fylgibréfi.

Um 10. gr.

Grein þessari er sérstaklega ætlað að ná til þeirra tilvika, er varan hefur hættulega eiginleika, svo sem bruna eða sprengihættu eða hætta sé á því, að varan skemmi út frá sér, enda sé um að ræða eiginleika, sem ekki er hægt að ætlast til að flytjanda sé kunnugt um eða að umbúðir eða merking vörunnar bendi ekki til slíkra eiginleika. Ákvæði greinar þessarar er í samræmi við ákvæði IV. kafla.

Um. 11.—14. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

2. mgr. greinar þessarar á sérstaklega við það tilvik, að í ljós komi eftir móttöku vörunnar, að um meira vörumagn sé að ræða en um getur í fylgibréfi, og þá edlilegt, að sendandi beri ábyrgð á hinni röngu tilgreiningu.

Ekki eru allar vörusendingar vigtaðar við móttöku og þykir því rétt að taka af öll tvímæli um, að röng tilgreining á vörumagni sé á ábyrgð sendanda. Er þetta í samræmi við ákvæði 21. gr.

Um 16. gr.

Óvissa ríkir um það, hvernig flutningsábyrgð er nú háttað. Hafa margir flytjendur eftirfarandi fyrirvara prentaðan á fylgibréf sin:

„FLUTNINGSAKVÆÐI. Þar er vér berum ekki ábyrgð á flutningum eða geymslu skal sendanda á það bent að váttryggja vöruna. Sé varan ekki sótt innan mánaðar áskilur afgreiðslan sér rétt til þess að selja vöruna fyrir áföllnum kostnaði. TRYGGIÐ VÖRUNA“.

Margir sendendur hafa mótmælt þessum fyrirvara flytjenda.

Fyrir hefur komið að vara hefur glatast hjá flytjanda, og hefur hann þá borið fyrir sig ofanefndan fyrirvara. Málaferli hafa risið af þessum sökum, en ekki hefur ennþá verið að fullu skorið úr því fyrir Hæstarétti, hvort ofanefndur fyrirvari fær staðist. Grein þessi leysir úr þeim vafa, sem ríkt hefur um ábyrgð flytjanda og kveður á um þá meginreglu, að flytjandi beri ábyrgð á tjóni vöru, svo og hvarfi hennar meðan varan er í hans umsjá, þó með þeim undantekningum, sem getið er um í síðari greinum.

Um 17. gr.

Grein þessi fjallar um þau tilvik, er undanþiggja flytjanda ábyrgð skv. 16. grein. Tilvik þau, sem upp eru talin í stafliðum a—c eru í samræmi við almennar bótareglur og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Grein þessi kveður á um, að verðmæti glataðrar vöru skuli ákvarðast af verðgildi hennar á því tímamarki, er sendandi afhendir flytjanda vöruna. Skaðabætur takmarkast þó af þeirri takmörkun ábyrgðar, sem um getur í 19. grein.

Í 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um, að auk verðmætis glataðrar vöru skuli flytjandi bæta útlagðan kostnað flutningskaupanda, svo sem flutningskostnað og annan sannanlegan kostnað.

Um 19. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir að hámark skaðabóta skv. 18. gr. á hvert brúttókílógramm sé kr. 150.00 er lög þessi taka gildi hinn 1. júní 1982, sbr. 30. gr. Slík takmörkun ábyrgðar er nauðsynleg og algeng. Fjárhæð þessi er ákveðin m. a. með hliðsjón af ábyrgð í loftflutningum (mars 1980 u. þ. b. 130—140 kr. á hvert kg).

Semjendur frumvarpsins telja nauðsynlegt, að fjárhæð þessi breytist í samræmi við verðlag. Koma helst tvær aðferðir til greina. Önnur er sú að kveða á um það í lögnum, að ráðherra ákvarði hámarksupphæð hverju sinni í reglugerð, en hin aðferðin er sú að miða breytingar á hámarksupphæðinni við einhvern stuðul er fylgir breytingum á verðlagi. Frumvarpssemjendur telja fyrri aðferðina óheppilega, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að ekki er gert ráð fyrir því í lögnum að nánari útfærsla þeirra verði gerð með reglugerð.

Sú leið hefur verið valin í frumvarpi þessu að láta hámarksupphæðina breytast í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu, eins og hún er ákvörðuð hverju sinni af Hagstofu Íslands.

Um 20. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því, að sé verðmæti vöru tilgreint hærra en kveðið er á um í 19. grein, gildi það verðmæti við ákvörðun bóta, enda komi þá til hærra flutningsgjald. Hér er um tryggingaratriði að ræða og hækkun flutningsgjaldsins yrði þá eins konar tryggingariðgjald vegna aukinnar ábyrgðar.

Um 21. gr.

Grein þessi fjallar um ábyrgð sendanda vegna þeirra upplýsinga sem hann tilgreinir í fylgibréfi eða vegna merkinga hans á vöru. Þetta er í samræmi við e-lið 17. greinar.

Um 22. gr.

Grein þessi gerir sendanda ábyrgan fyrir tjóni, sem vörusending hans kann að valda á mönnum, efni eð annarri vöru vegna þess að umbúðir eru lélegar eða ófullnægjandi. Sendandi er þó undanþeginn ábyrgð, ef ófullnægjandi ástand vörunnar eða umbúðanna er sýnilegt, þegar flytjandi tekur við vörunni til flutnings án þess að gera fyrirvara, sbr. 9. gr.

Um 23. gr.

Ákvæði greinar þessarar er í samræmi við ákvæði 10. greinar og 22. greinar.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir þeirri skyldu móttakanda að sækja vöru eins fljótt og verða má eftir að honum er kunnugt um að varan sé tilbúin til afhendingar á ákvörðunarstað. Ekki er kveðið á um neinn dagafjölda í lögum þessum er líða má frá því að móttakandi veit um vöru á ákvörðunarstað og þar til flytjanda er heimilt að endursenda vöruna. Eins og gert er ráð fyrir í 11. grein hefur sendandi umráðarétt yfir vörunni á meðan á flutningi stendur og er því til þess ætlast, að flytjandi leiti fyrirmæla sendanda á sama hátt og um getur í 14. grein, sbr. 13. grein.

Um 26. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir haldsrétti flytjanda í vörunni, þangað til hann hefur fengið kostnað sinn greiddan, og er þetta í samræmi við almennar reglur.

Um 27. gr.

Með grein þessari er ríkari skoðunarskylda lögð á móttakanda þeirrar vöru, sem hætt er við skemmdum.

Um 28.—30. gr.

Þarfnast ekki skýringa.